

Steinunn Þóra Árnadóttir þingmaður
Haraldur Benediktsson þingmaður
Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Akranesi 26.júlí 2019

Sjónarmið Bergþórs Ólasonar vegna niðurstöðu siðanefndar

Undirrituðum barst 5.júlísl. það sem virtust vera drög að álti siðanefndar Alþingis vega ummæla á Klausturbar 20.nóvember sl. Síðar kom í ljós að ekki var um drög að ræða, heldur lokaniðurstöðu siðanefndar. Það kom verulega á óvart að fá ekki tækifæri til að koma fram sjónarmiðum gagnvart siðanefndinni sjálfri, enda hafði verið sérstaklega tilgreint í bréfi til forsætisnefndar dags. 28.6 sl. að slíkt stæði til.

Þó að ætlunin sé fyrst og fremst að gera athugasemdir við verklag siða- og forsætisnefndar, þá er rétt að gera tilteknar efnislegar athugasemdir, þar sem annað hvort er rangt með farið, eða rangar ályktanir dregnar.

Fyrst um verklagið:

Siðanefndin sendi varaforsætisnefnd loka niðurstöðu sína þann 5.júlísl., sama dag og nefndinni hafði, í kjölfar niðurstöðu Persónuverndar, verið uppálagt að eyða upptökum og han driti sem forsætisnefnd hafði látið vinna upp úr ólöglegum hljóðupptökum frá Klausturbar.

Það að siðanefnd hafi unnið álit sitt og skilað af sér, áður en skilyrt var að eyða umræddum gögnum, bendir til að lítið hafi verið gert með sjónarmið okkar sem sett voru fram í bréfi til forsætisnefndar þann 28.6 sl., enda ekkert tillit tekið til þess að ætlan okkar fjórmenninganna væri að skila inn athugasemnum sem augljóslega þyrfu að taka mið af því út frá hvaða gögnum málið væri rekið.

Í bréfi þeirra fjögurra þingmanna sem skrifuðu forsætisnefnd og gerðu kröfu um eyðingu gagna, á grundvelli úrskurðar persónuverndar, kom skýrt fram að ætlan þingmannanna var að bregðast við á grundvelli þess hvort orðið yrði við kröfu um eyðingu á ólöglega fengnum gögnum.

Engum hlutaðeigandi kom til hugar að málið yrði raunverulega rekið áfram á grundvelli fréttar í vefútgáfum Stundarinnar, DV og Kvennablaðsins, sem allir sem fylgjast með íslenskum stjórnálum vita að fara nærrí því að hatast við Miðflokkinn og þingmenn hans. Það þarf ekki annað en að segja við sjálfan sig upphátt að slíkt sé ætlanin, til að átta sig á hversu galin sú hugmynd er.

Það liggar í hlutarins eðli að álit sem hefði byggt á frumgögnum málsins stæði alltaf á sterkari grunni en samhengislausar tilvitnanir og túlkir fjlölmíðla, sem miða oft fremur að því að vekja eftirtekt lesenda og jafnvel hneykslan, en að gæta sannmælis og leita sannleikans. Þessir miðlar lifa á því að fólk klikki á fyrirsagnir á vefnum og kaupi prentútgáfur miðlanna.

Hvernig stendur á því að siðanefnd gerir enga tilraun til að grennslast fyrir um hvernig aðstæður voru á vettvangi, eins og raunar er sagt að skipti máli við mat á því hvort þei sem urðu fyrir hinni ólögmætu hlerun, mættu vænta þess að eiga einkasamtal. Þessi skilningur kemur greinilega fram í álti minnihluta siðanefndar frá 25.mars sl., þar sem Róbert Haraldsson skrifar í niðurstöðuorðum

minnihluta: „...þá séu einnig til staðar verulegar efasemdir um að hátternið falli undir gildissvið siðareglanna eins og það er orðað.“ Skömmu áður hafði Róbert í minnihluta lálitinu bent á að Persónuvernd hefði „enn ekki úrskurðað um þá hlið þessa máls er veit að persónuverndarlögum.

Nú hafa upptökur úr öryggismyndavélum legið fyrir um allnokkurn tíma og undirritaður lýst sig boðinn og búinn að hlutast til um að fulltrúar í siðanefnd og eða forsætisnefnd fái að berja þær augum og sjá þar með hvernig aðstæður voru á Klausturbar 20.nóvember síðastliðinn. Af skoðun á upptökunum má ljóst vera að öll atvik á vettvangi þann 20.nóvember sl. eru á þann veg að hefðu upptökurnar verið teknar til skoðunar, þá hefði Róbert Haraldsson, vart getað annað en komist að þeirri niðurstöðu að gildissvið siðareglna næði ekki til umrædds samtals, þar sem augljóslega var um einkasamtal að ræða. Upptökur úr öryggismyndavélum og niðurstaða Persónuverndar, frá 22.maí sl., í umræddu máli gera aðra niðurstöðu útilokaða.

Að þessu sögðu má ljóst vera, og að gögnum málsins skoðuðum, sérstaklega bréf i siðanefndar frá 25.mars sl. að **minnihluti siðanefndarinnar er þeirrar skoðunar að um hafi verið að ræða brot á siðareglum Alþingis**.

Jón Kristjánsson, fyrrverandi ráðherra Framsóknarfloksins, hefur sagt sig frá verkefninu vegna vanhæfis, rétt eins og 10 fulltrúar í forsætis- og siðanefnd höfðu áður gert. Í framhjáhlaupi er rétt að nefna að það er auðvitað sérstakt að 7. og 8. varaforsetar Alþingis geri rök Jóns Kristjánssonar ekki að sínum í þessu máli.

Róbert Haraldsson virðist m.v. fyrri ummæli vera þeirrar skoðunar að málið falli utan við gildissvið siðareglina, með vísan í sératkvæði hans, niðurstöðu Persónuverndar og upptökur úr öryggismyndavélum, sbr. það sem að ofan segir.

Eftir stendureinn fulltrúi í siðanefnd, Margrét Vala Kristjánsdóttir, sem virðist telja að ummælin falli bæði undir gildissvið siðareglina alþingismanna og feli ísér brot á þeim sömu siðareglum.

Allt bendir þetta til þess að **aðeins einn af þemur siðanefndarmönnum í nefndinni eins og hún er nú skipuð, telji hægt að komast að þeirri niðurstöðu að málið heyri undir siðareglur Alþingis og að um brot á þeim hafi verið að ræða.** Af þeirri ástæðu einni er eðlilegt að varaforsætisnefnd vísi málín frá.

EFNISATRIÐIN:

Um Ingu Sæland;

Eins og fram hefur komið opinberlega, þá hef ég beðið Ingu Sæland fyrirgefningará vegna ummæla minna um hana og Inga af stórmennsku veitt mér hana. Svona á maður ekki að tala um fólk. Ekki einu sinni pólitíkska andstæðinga.

Um Albertínu F. Elíasdóttur;

Þeir sem lagt hafa sig eftir upplýsingum um þennan hluta málsins hafa eflaust veitt því athygli að ég hef hvorki dregið orð míni til baka, né beðist afsökunar á þeim sérstaklega. Ástæðan ersú að þarna var í engu orðum aukið það sem átti sér stað og í raun alveg galin staða að vera útmálaður í hlutverki geranda í þessu máli, þegar raunin er þveröfug.

Ef það er ætlan varaforsætisnefndar að staðfesta þessa undarlegu afstöðu ráðgefandi siðanefndar, þá er ágætt að það liggi fyrir að afstaða forsætisnefndar Alþingis sé sú að karlmenn skuli grjóthalda kjafti ef á þá er sótt með harkalegum kynferðislegum hætti, en sé slíku haldið fram úr gagnstæðri átt, þá

skuli karlinn helst ekki bera hönd fyrir höfuð sér. Ef það er niðurstaða svokallaðrar MeToo bylgju, þá hefur hún ekki skilað því sem upp var lagt með.

Þarna er ég að lýsa erfðri reynslu sem ég varð fyrir í einkasamtali á meðal vina. Ég er að lýsa því þegar núverandi þingkona gekk svo nærrí mér kynferðislega að ég var lengi að átta mig á því hvað hafði gerst. Og ég má ekki tala um það í einkasamtölum!

Ég gat ekki haft neina ástæðu til að ætla að aðrir heyrðu til, þvert á móti. Það vekur undrun og óhug ef það að ég leyfi mér að fá dálitla útrás fyrir það sem ég hef gengið í gegnum og tjái mig um málið með þeim hætti sem ég treysti mér til, að því er ég taldi í öruggu umhverfi, sé það notað gegn mér í pólitískum réttarhöldum.

Það er óhugnanlegt að eftir að ég opnaði mig á þann hátt sem ég gerði skuli það samtal hafa verið tekið upp með ólöglegri aðgerð og því útvarpað endalaust um allt land með þeim hryllingi sem því fylgdi fyrir mig, vini mína og vandamenn.

En að svo skuli nefnd Alþingis ætla sér að nýta þann glæp til að refsa þolendum brotsins og um leið þolendum kynferðisbrots hryggir mig óseigjanlega.

Um Írisi Róbertsdóttur;

Eins og svo oft hefur átt við í málinu öllu, þá eru hlutir slitnir úr samhengi í tengslum við umrædd ummæli míni um Írisi Róbertsdóttur, bæjarstjóra í Vestmannaeyjum. Þegar umrædd ummæli falla, þá er verið að ræða um hvaða stjórnálamaður sé líklegastur til að leiða lista sjálfstæðismanna í suðurkjördæmi fyrir næstu Alþingiskosningar.

Bæði á undan og á eftir tilvitnuðum ummælum falla mörg og góð hrósyrði um téða stjórnálakonu. Sem dæmi má nefna að Írisi er lýst með orðunum: helvítí öflug, helvítí sæt, orðið eldklár er notað fjórum sinnum um hana, hún er röggsöm o.s.frv. Þetta nefni ég til að draga fram hvað raunverulegt eðli og efni umræðu um hana er frábrugðin því sem birtist í fjölmöglum, slitið úr samhengi og skrumskælt. Jafnframt falla á sama tíma ummæli um að mögulegur karl keppinautur hennar um toppsætið, sé ekki nógu „sexy“. Ekkert ergert með það orðalag gagnvart karlinum.

Það blasir auðvitað við að öflugur stjórnálamaður, hvors kyns sem hann er, hefur ekki sömu stöðu innan Sjálfstæðisflokkssins og tveimur árum fyrr, hafi hann í millitíðinni farið í sérframboð í Vestmannaeyjum, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði áður hreinan meirihluta með 73,2% atvæða og ekki bara náð að fella hreinan meirihluta sjálfstæðismanna, heldur ákveðið að fara í meirihlutasamstarf með framboði vinstri manna íbænum. Á meðan á þessu gekk var stjórnálakonan sitjandi bæjarfulltrúi fyrir hönd Sjálfstæðisflokkssins í Vestmannaeyjum. Þetta blasir auðvitað við.

Það er augljóst í þessu samhengi að það hefur fallið á frambjóðandann, hann er ekki „eins hot“ og hann var áður, hann er ekki eins sterkur osfrv. Það þarf sérstakan vilja til að heyra aðeins kynferðislegan undirtón í þessum ummælum. Þarna er einfaldlega verið að lýsa breyttri stöðu fyrrverandi bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins í Vestmannaeyjum hvað möguleika hennar á að leiða lista Sjálfstæðisflokkssins í næstu alþingiskosningum varðar.

Þessu til viðbótar, þá er nauðsynleg að nefna furðulega og gildishlaðna afstöðu siðaneftnar í tengslum við ummæli míni um Írisi Róbertsdóttur þar sem fjallað er um þátt Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Í næstsíðustu mgr. á bls. 8, en þar segir: „Ummæli Bergþórs Ólasonar um Írisi Róbertsdóttur lýsa tilteknum viðhorfum til ungra kvenna í stjórnálum.“

Þetta er fullkomin della hjá siðanefndinni! Ummæli míni hafa EKKERT með viðhorf míni til ungra kvenna í stjórnálum að gera, heldur er ég þarna að lýsa þeim áhrifum sem sérframboð sem hún leiddi, gegn Sjálfstæðisflokknum í Vestmannaeyjum, hafði á pólitísku stöðu hennar innan Sjálfstæðisflokkssins. Siðanefndarfólk þarf að vera með sérstaklega vanstilltan kompás ef þessi augljósi hlutur nær ekki í gegn hjá þeim, enda er hér um augljósa rökvillu að ræða. Ummæli um eina persónu geta ekki lýst almennu viðhorfi til hóps af fólk. Mætti þá ekki eins segja að ummæli míni lýstu „tilteknu viðhorfi“ til Vestmannaeyinga?

Um Lilju Alfreðsdóttur;

Fyrri ummælin eru augljóslega sögð í stríðnistóni, þar sem gert er grín að góðum vinum sem hafa látið stjórnálaman teyma sig á asnaeyrunum að mati undirritaðs. Við þetta tækifæri sagði undirritaður að viðmælendurnir (SDG og GBS) yrðu að kalla blöffið. Í þessu samhengi var notast við tungutak þekktrs sjónvarpsfigúru, sem á flesta mælikvarða er talinn fullkominn auli og það gert til að undirstrika stríðnistóninn í ummælunum. Í Bretlandi væri þetta kallað „to have a banter“, sem netorðabók skilgreinir sem „playful and friendly exchange of teasing remarks.“

Hvað hin síðari ummæli varðar, þá les undirritaður ekki Stundina, hvorki prentaða útgáfu, né nefútgáfu, og varð því að reiða sig á handrit Alþingis hvað þetta efnisatriði varðar. Í handriti Alþingis **birtast ummælin ekki** og á undirritaður því erfitt um vik að tjá sig um þau. Ummælin eru í meira lagi undarleg og algerlega úrtakti (og raunar alveg úr sambandi) við það samtal sem á sér stað á þessum tíma. Samkvæmt handriti Alþingis virðist setning frá mér, á þessum tíma samtalsins, raunar vera sögð á ensku, sem gerir þessa undarlegu setningu enn skrínari.

Það er rétt að halda þeirri ótrúlegu staðreynd til haga að þolendur hinnar ólöglegu hljóðupptöku hafa aldrei fengið frumupptökurnar afhentar frá Alþingi, þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um.

Vegna ummæla Gunnars Braga um Ragnheiði Runólfssdóttur, sundkonu;

Ég tel nauðsynlegt að segja nokkur orð um síðasta efnisatriðið sem tiltekið er í tengslum við Gunnar Braga Sveinsson, þar sem Ragnheiður Runólfssdóttir, sundkona kemur við sögu.

Þarna er, eins og svo oft áður, öllu snúið á haus. Umræðan var einmitt um að sá sem beitti Ragnheiði heimilisofbeldi ætti engan möguleika á stjórnálalegum frama í NV-kjördæmi. Eins og ég orðaði það: „Sá sem lemur Röggvi Run á ekki séns í NV.“

Eins og fram kemur í handriti Alþingis, sem er upp á 141 blaðsíðu, þá eru iðulega mörg samtöl í gangi við borðið í einu. Þarna virðist Gunnar Bragi ekki hafa verið að fylgjast með þessu samtali og kemur svona klaufalega inn í það án þess að þar sé nein ill meining á bak við, enda umræðan um að fyrverandi sambýlismaður Ragnheiðar Runólfssdóttur, sem er í dag starfsmaður Alþingis, á vegum Flokks Fólksins, hafi beitt hana þessu ofbeldi og eigi því enga pólitísku framtíð á heimasvæði Ragnheiðar. Slíkt samtal ber ekki með sér neina léttuð ígarð heimilisofbeldis, þvert á móti.

Niðurlag:

Gildishlaðinn tónn íaliti siðanefndar er athyglisverður um leið og hann er áhyggjuefni.

Sé meðvitað, eða ómeðvitað, ætlunin að koma til móts við þá hörðu gagnrýni sem nefndin varð fyrir í kjölfar afstöðu sinnar til máls Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur, sem fór hátt í fjölmáðlum nýlega, þá er slíkt ótækt með öllu og stæðist engar kröfur samtímans um meðferð mála.

Setningar eins og að siðanefnd telji ekki þörf á að greina hvert atriði í ummælum undirritaðs, þar sem „þau séu öll af sömu rótinni sprottin“, bera ekki með sér hlutleysi í mati. Án þess að reikna með svari, þá verð ég að spyrja; hvernig kemst siðanefnd að þeirri niðurstöðu að óhefluð og gagnrýniverð ummæli míni um Ingu Sæland séu af sömu rót sprottin og frásögn míni af því þegar ég varð fyrir kynferðislegu áreiti? Eru það að mati siðanefndar bara konur sem geta orðið fyrir kynferðislegu áreiti?

Nú hafa 11 af 15 forsætis- og siðanefndarmönnum, sagt sig frá málinu vegna vanhæfis.

Stjórnámamenn eru í þeirri stöðu að kveða upp dóm yfir pólitískum andstæðingum sínum og einhvern vegin hefur þeim sem á hafa haldið tekist að klúðra málum þannig að öll eðlileg viðmið hvað réttindi þeirra sem málarekstur beinist að hafa verið látin víkja.

Í kjölfar þeirra tveggja mála sem forsætis- og siðanefnd hafa klárað og kannski sérstaklega vegna þeirra mála sem forsætisnefnd hefur ekki klárað, tel ég rétt að það verði skoðað alvarlega að leysa upp siðanefnd Alþingis og þann feril sem nefndinni fylgir.

Allt ferlið, í öllum þeim málum sem undirritaður þekkir til að vísað hafi verið til forsætis-/siðanefndar á grundvelli siðareglina Alþingis, hefur klúðrast með einum eða örðum hætti. Slíkt kastar nýrð á Alþingi og skaðar ímynd þess. Auk þess að slíkt sleifarlag sýnir Alþingi, stöðu þess og störfum ekki virðingu.

Sjálfur tók ég við þeim skömmum sem ég tek mest mark á vegna málsins frá móður minni fyrir tæpum 8 mánuðum síðan. Sú opinbera smánunarherferð sem keyrð hefur verið áfram er refsing sem er margfalt verri fyrir þá sem í lenda, en hinari hefðbundnu refsingar sem siðuð samfélög telja forsvaranlegar. Það eru ekki bara stjórnámamennir sjálfir sem verða fyrir, heldur fjölskyldan og nærumhverfið. Ég vil því enda þessar athugasemdir mínar á að segja, aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Bergþór Ólason